

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

674. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 29. nóvember 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Fundargerð 781. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
2. Bréf Umhverfissráðuneytisins.
3. Erindi Helgu G. Hinriksdóttur og Sigríðar Elvu Ársælsdóttur.
4. Upplýsingar frá aðalfundi Grettistaks ses.
5. Fjárhagsáætlun 2011.

Afgreiðslur:

1. Lögð fram til kynningar fundargerð 781. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 10. nóv. 2010. Elín R. Líndal kynnti.
2. Lagt fram bréf Umhverfissráðuneytisins dags. 23. nóv. 2010, um áhrif rusls og úrgangs á lífríki hafs og stranda, skaðsemi þess og kostnað vegna hreinsunar. Óskar ráðuneytið eftir upplýsingum um ástand þessara mála í sveitarfélaginu. Umhverfisstjóra falið að svara erindinu.
3. Lagt fram erindi frá Helgu Guðrúnu Hinriksdóttur og Sigríði Elvu Ársælsdóttur, þar sem þær bjóða sveitarfélaginu að kaupa myndir tengdar starfsheitum, sem voru á ljósmyndasýningu í sumar. Byggðarráð hafnar erindinu.
4. Lagður fram til kynningar ársreikningur Grettistaks ses. 2009 og skýrsla stjórnar.
5. Farið yfir drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2011. Samþykkt að vísa fjárhagsáætluninni til fyrri umræðu í sveitarstjórn þann 2. desember nk.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:45

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari